

Myndlistasýning í Verbúðinni 66



Ég heiti Unnur Sæmundsdóttir, er fædd árið 1964 og ólst upp í Kópavogi. Á sumrin hef ég alla tíð notið þeirra forréttinda að dvelja í Hrísey. Hér sinni ég æðarrækt, skógrækt og fleiri störfum sem til falla í eyjasælunni. Ég hef dundað við að mála af og til í nokkur ár og verið dugleg að skutla myndunum á bak við hurð þó að nokkrar þeirra hafi fengið að fara upp á vegg heima hjá sjálfri mér.

Það var því töluverð áskorun að sýna myndirnar mínar í fyrsta sinn í

Mosfellsbænum í apríl síðast liðinn þar sem ég bý núna.

Í kjölfarið voru þau hér á Verbúðinni svo elskuleg að bjóða mér að koma með eitthvað af myndunum hingað norður.

Ég stökk að sjálfsögðu á það tækifæri enda strax orðin ögn hugaðri af fyrri reynslu og ákveðin í að ýta sjálfri mér oftar út fyrir þægindarammann í viðleitni minni til sjálfsþroska.

Eins og sést eru myndirnar allskonar, mér finnst gaman að prófa mig áfram.

Ég held samt að viðfangsefni úr náttúrunni höfði best til mín.

Er líka svo mikil sveitalumma inn við beinið.

Ég hef farið á nokkur námskeið í gegn um tíðina, bæði hér heima á Íslandi og eins í London þar sem ég bjó í nokkur ár.

Mínir helstu kennarar hafa verið Þuríður Sigurðardóttir, María Marí Murga, Nelson Ferreira og Luca Indraccolo.

Myndirnar eru allar málaðar með olíu á striga.

Netfang: unnursaem@gmail.com

Sími 8998484